

Skýrsla starfsmanna SAM árið 2008

Starfsemi SAM var svipuð árið 2008 og verið hafði árið 2007. Þó urðu þær breytingar að neyðarþjónusta við bændur sem SAM tók við 1. Desember 2007 var lögð af frá og með 1. maí 2008. SAM sinnti á árinu ýmsum sameiginlegum hagsmunamálum afurðastöðva mjólkuriðnaðarins, þar með talið samskiptum við innlenda hagsmunaaðila og við alþjóðleg hagsmunasamtök í mjólkuriðnaði. Aðrir starfsþættir SAM í árslok 2008 voru: Rekstur rannsóknastofa sem sinna efna- og gerlamælingum í mjólk; rekstur Framleiðendapjónustu (mjólkur- eftirlit); rekstur Lögbundinnar verðtilfærslu og Verðmiðlunar samkvæmt samningi við Bændasamtök Íslands og rekstur Verðtilfærslusjóðs SAM.

BÓKHALDS- OG FJÁRMÁL

Frá ársbyrjun 2007 hefur félagið sjálft annast alla bókhalds- og fjármunaumsýslu, en fram til þess tíma hafði félagið keypt þá þjónustu af aðilum innan mjólkuriðnaðarins. Frá sama tíma tók SAM við umsjón bókhalds og fjármála fyrir Markaðsnefnd mjólkuriðnaðarins. Fyrir var í umsjón SAM bókhald og fjárreiður fyrir Verðmiðlunar- sjóð mjólkur og lögbundinn Verðtilfærslusjóð mjólkur. Er reikningagerð, bókhald og fjármálastjórnun því orðin mun fyrirferðarmeiri í starfsemi félagsins en áður var. Ársreikningar Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði og Markaðsnefndar mjólkuriðnaðarins eru birtir í ársskýrslu SAM, en ársreikningum Verðmiðlunarsjóðs og Lögbundins Verðtilfærslusjóðs er skilað til Fjársýslu Ríkisins.

SKÝRSLUHALD VEGNA MÓTTEKINNAR MJÓLKUR OG RÁÐSTÖFUNAR HENNAR

Samkvæmt samningi við Bændasamtök Íslands annast SAM mánaðarleg skil á Framleiðslu-, sölu- og birgðaskýrslum fyrir aðildarfélög SAM. Þær upplýsingar sem safnast til félagsins með vinnslu skýrslanna mynda grunn að tölfræði sem SAM safnar og vinnur fyrir aðildarfélögin og til opinberrar birtingar. SAM veitir tölfræðiupplýsingar um mjólkuriðnaðinn meðal annars til Hagstofu Íslands, tölfræðistofnunar Evrópu (Eurostat) og alþjóða mjólkuriðnaðarsamtakanna IDF (International Dairy Federation). Þá eru skýrslurnar grunnur fyrir útreikningi á gjaldi til Verðmiðlunarsjóðs og á mánaðarlegum verðtilfærslum sem reiknaðar eru samkvæmt lögum og heimildarákvæði laga. Ítarlega er fjallað um móttöku mjólkur og ráðstöfun hennar síðar í árs- skýrslunni.

ERLEND SAMSKIPTI

Aðalfundur alþjóðlegu mjólkuriðnaðarsamtakanna - IDF - fór fram í byrjun nóvember í Mexíkóborg. Þrjú fulltrúar íslensks mjólkuriðnaðar sóttu fundinn. Á aðalfundinum var Mr. Richard Doyle kjörinn nýr forseti IDF. Richard Doyle er Kanadabúi og gegnir nú starfi framkvæmdastjóra Landsambands mjólkurframleiðenda í Kanada, hann hefur 32ja ára reynslu innan mjólkuriðnaðarins.

Í kjölfar aðalfundar IDF er ávallt haldin ráðstefna þar sem farið er ítarlega yfir þróun framleiðslu, vinnslu og sölu mjólkur og mjólkurafurða í heiminum. Helstu umfjöllunarefni ráðstefnunnar að þessu sinni voru niðurstöður rannsókna í heilsu- og næringarfræðilegum málefnum tengdum mjólk og mjólkurafurðum. Einnig var ráðstefnugestum ofarlega í huga nýlegt Melanin-hneyksli í Kína. Melanin er eiturefni sem hefur þann eiginleika að ef því er blandað í mjólk þá hækka mælingarniðurstöður fyrir prótein í mjólkinni. Blöndun efnisins í mjólk í Kína olli veikindum margra og dauða nokkurra ungbarna. Afleiðing var allt að 50% söluhrun mjólkurafurða í ákveðnum löndum fyrst eftir að málið komst í hárnæði.

Glæsur frá nær öllum fyrirlestrum ráðstefnu IDF er aðgengilegt fyrir gesti ráðstefnunnar að henni lokinni. Allar glæurnar voru fluttar á tölvunet Mjólkursamsölnunar ehf og þannig gert aðgengilegt starfsmönnum fyrirtækisins. Einnig var efni nokkurra fyrirlestra kynnt sérstaklega fyrir starfsmönnum MS. Næsti aðalfundur samtakanna verður haldinn í Berlin næsta haust undir yfirskriftinni: Sjálfbær mjólkuriðnaður.

Upplýsingum frá IDF var komið á framfæri til fjölda aðila árið 2008, meðal þeirra má nefna: Stjórn MS, vöruþróunardeild MS, Landssamband kúabænda, Bændablaðið, landsráðunautar nautgriparæktar, Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri, og dýralæknafélagið.

SAM hefur verið aðili að norrænu samstarfi um mjólkureftirlit og mjólkurgæði (NMSM), frá árinu 1996. Þátttakendur í samstarfinu eru Noregur, Danmörk, Svíþjóð, Finnland og Ísland. Markmið samtakanna er að vinna að bættum gæðum hrámjólkur með sérstakri áherslu á dýraheilsu, fóðrun og mjólkurgæði, véla- og mjaltatækni. Starfið er byggt upp á vinnu starfshópa fyrir þrjú sérsvið. Fulltrúar Íslands í starfinu eru Jón K. Baldursson í gæðahópnum, Þorsteinn Ólafsson í dýraheilsuhópnum og Snorri Sigurðsson í tæknihópnum. Aðalfundur samtakanna árið 2008 var haldinn í Molde í Noregi. Á aðalfundinum er lögð fram starfsskýrsla hvers hóps, en auk þess var sérstaklega fjallað um notkun lyfja við meðhöndlun á jógurbólgu og prófun mjólkur til að leita lyfjaleifa. Meðal annars kom fram að nokkur munur er milli norðurlandanna hvernig leitað er að lyfjaleifum í hrámjólk. Einnig var kynnt dönsk úttekt á vinnuaðferðum á 322 búum sem höfðu lent í því að senda frá sér mjólk með lyfjaleifar. Niðurstaða úttektarinnar var að í engu tilfelli var hægt að sýna fram á að útskolunartími lyfja væri lengri en gefið var upp fyrir hvert lyf, en í öllum tilfellum var hægt að finna dæmi um mistök starfsfólks á býlinu við lyfjagjöf og ranga merkingu á kúnum sem voru meðhöndlaðar.

Einnig var haldinn fundur í NORDISK BRANSJEMÖTE, en fundurinn fór að þessu sinni fram í Svíþjóð í júní. Fulltrúar Íslands á fundinum voru Magnús Ólafsson og Pálmi Vilhjálmsson.

ÝMIS ÖNNUR VERKEFNI

SAM annaðist sem fyrr námskeið fyrir mjólkurbílstjóra sem haldin eru að kröfu reglugerðar nr. 919/2002. Árið 2008 voru haldin námskeið á Sauðárkróki og Akureyri. Alls sóttu námskeiðin 6 bílstjórar.

Frá nóvember 2008 hefur SAM annast launaútreikning fyrir Mjólkursamsölnuna ehf.

Starfsemi Rannsóknarstofu SAM var með svipuðu sniði og fyrri ár þegar hún starfaði undir nafni Rannsóknastofu mjólkuriðnaðarins. Nánar er greint frá starfi og niðurstöðum rannsóknarstofunnar síðar í ársskýrslu SAM.

Bjarni Ragnar Brynjólfsson